

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1768**

2023/EES/62/02

frá 23. júní 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði í því skyni að laga I., II., III. og IV. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Áburðarvöru sem uppfyllir kröfumnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk (PFC) og efnisþáttaefniviðaflokk (CMC), eftir því sem við á, sem er merkt í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð og hefur staðist, með fullnægjandi hætti, samræmismatsaðferð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er þá unnt að CE-merkja og flytja frjálst á innri markaðinum sem ESB-áburðarvöru.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta I. viðauka (að hluta til), II., III. og IV. viðauka við hana.
- 3) Meðan verið var að undirbúa umskiptin yfir í nýju samræmingarreglurnar upplýstu bæði aðildarríkin og áhugasamir hagsmunaaðilar framkvæmdastjórnina um þörfina á að aðlaga nokkur af tæknilegu ákvæðunum í viðaukunum við reglugerð (ESB) 2019/1009. Sumar þessara breytinga eru nauðsynlegar til að bæta samræmi við aðra hluta af löggjöf Sambandsins sem mun auðvelda aðgang að innri markaðnum og frjálsan flutning öruggra og ræktunarfræðilega hagkvæmra áburðarvara. Vissar breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja þá öflugu vernd sem miðað er við að ná með reglugerð (ESB) 2019/1009 og tryggja þannig að ESB-áburðarvörur, sem hafa aðgang að innri markaðnum í krafti þeirrar reglugerðar, skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði, öryggi eða umhverfið. Aðrar breytingar eru nauðsynlegar til að forðast aðstæður þar sem mikilvægir flokkar áburðarvara væru í ógáti undanskildir frá samræmingarreglunum. Þessar breytingar munu tryggja aðgang að innri markaðnum fyrir áburðarvörur sem eru ræktunarfræðilega hagkvæmar, öruggar og sem mikil viðskipti eru þegar höfð með á markaðnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

- 4) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur fyrir ESB-áburðarvörur sem innihalda efni með hámarksgildi leifa fyrir matvæli og fóður sem mælt er fyrir um í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽⁴⁾ eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ⁽⁵⁾. Framleiðanda ber skylda til að láta í té notkunarleiðbeiningar til að tryggja að tilætluð notkun ESB-áburðarvöru leiði ekki til þess að farið sé yfir hámarksgildin fyrir matvæli og fóður. Til viðbótar skal framleiðandinn láta niðurstöður útreikninga sem sanna fylgni við þessa kröfu koma fram í tæknigögnunum. Í umfjöllun um hvernig á að koma þessari skuldbindingu til framkvæmda hefur orðið ljóst að það er ómögulegt fyrir framleiðendur að fara að þessu sem kemur þannig í veg fyrir að áburðarvörur, sem eru ræktunarfræðilega hagkvæmar, öruggar og sem mikil viðskipti eru þegar höfð með á markaðnum, standist samræmismat og fái aðgang að innri markaðnum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009. Því ætti að skipta þessum skuldbindingum út fyrir skuldbindingar sem eru hóflegri og framkvæmanlegri á tvennan hátt.
- 5) Í fyrsta lagi er hægt að koma í veg fyrir að farið sé yfir þessi hámarksgildi eða styrk í nytjaplöntum með því að veita endanlegum notanda réttar upplýsingar á merkimiðanum. Af þessum sökum ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að leggja þá skyldu á framleiðandann að upplýsa endanlegan notanda um það þegar ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttafnivið sem, ef hann er settur er á markað sem matvæli eða fóður, fer yfir hámarksstyrkin eða styrkinn sem eru fastsett í reglugerðum (EB) nr. 470/2009 eða (EB) nr. 396/2005, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 315/93, eða í tilskipun 2002/32/EB. Til að tryggja öflugna vernd fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið í tengslum við fóðuruafefni ætti enn fremur að bæta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ⁽⁶⁾ við. Á þennan hátt verður endanlegi notandinn í aðstöðu til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að nytjaplönturnar séu í samræmi við reglur um matvæli og fóður.
- 6) Í öðru lagi er þörf á viðbótarráðstöfunum varðandi sum lyfjafræðilega virk efni sem falla nú þegar undir reglugerð (EB) nr. 470/2009. Nálgunin ætti að vera mismunandi, allt eftir því hvort um leyft efni er að ræða sem er tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽⁷⁾ og sem hámarksgildi leifa hafa e.t.v. verið fastsett fyrir, eða hvort um óleyfilegt efni er að ræða sem er með viðmiðunarpunkt fyrir aðgerð sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 ⁽⁸⁾. Leiðar af leyfðu efni mega einungis vera fyrir hendi í ESB-áburðarvöru ef viðkomandi efni er tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010. Óleyfilegt lyfjafræðilega virkt efni, sem er hættulegra fyrir heilbrigði neytenda þegar það er fyrir hendi í matvælum, ætti þó ekki heldur að vera til staðar í ESB-áburðarvöru í styrk sem er yfir viðmiðunarpunkti þess fyrir aðgerðir.
- 7) ESB-áburðarvara má einnig innihalda virk efni í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽⁹⁾. Þar eð reglugerð (ESB) 2019/1009 nær ekki yfir plöntuverndarvörur ætti að taka það skýrt fram í texta þeirrar reglugerðar að ESB-áburðarvara sem inniheldur virkt efni má ekki hafa plöntuverndarvirkni í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Þessi nánari útlistun er nauðsynleg til að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 sem mun auðvelda bæði rekstraraðilum og landsyfyrvöldum að koma samræmingarreglunum til framkvæmda og greiða þannig fyrir aðgangi að innri markaðnum á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009.
- 8) Reglugerð (ESB) 2019/1009 inniheldur tæmandi skrá yfir formgerðarflokkarnir fyrir eingildan ólífrænan snefilefnaáburð sem og samsvarandi lýsingar og lágmarksinnihald snefilefna. Að því er varðar áburð með snefilefnasöltum samanstanda 10% miðað við massa af áburði af vatnsleysanlegum snefilefnum. Þó er til áburður, að stofni til úr karbónat- eða fosfatsöltum, sem inniheldur snefilefni sem eru ekki vatnsleysanleg. Þetta hefur ekki áhrif á nothæfi hans sem áburðar eða upptöku nytjaplantna á næringarefnum. Því ætti að heimila að slíkur áburður með snefilefnasöltum fái aðgang

(2) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

(7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

(8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41).

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

að innri markaðnum með því að fjarlægja skilyrðið um vatnsleysnina. Að því er varðar UVCB⁽¹⁰⁾-klósambönd eru eingöngu járnklósambönd tilgreind. Önnur snefilefni geta þó einnig verið UVCB-klósambönd og geta losnað hægt til plantna. Hæglosandi áburður er gagnlegur til að koma í veg fyrir næringarefnaþengingunni í jarðvegi með því að losa snefilefnið hægt og auka þannig möguleika plantnanna á að frásoga þau. Því er viðeigandi að fella slíkar sérhæfðar vörur undir gildissvið samræmingarreglnanna og stuðla að frjálsum flutningi þeirra á innri markaðinum.

- 9) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni, þ.m.t. nikkel, í ræktunarefni sem er ESB-áburðarvara, önnur en jarðvegur á notkunarstað, sem hefur það hlutverk að plöntur eða sveppir vaxa í því. Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru settar samræmingarreglur fyrir þessa tegund af áburðarvöru. Nú þegar eru fjölmargar tegundir ræktunarefna á markaðnum, sem grundvallast á landsbundnum reglum og eru með mjög mismunandi eiginleika, sem gætu komið til greina sem ESB-áburðarvara. Viðmiðunarmörkin fyrir nikkel, sem eru sett fram í reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir allar tegundir ræktunarefna, skapa þó erfiðleika fyrir sum ræktunarefni sem innihalda eingöngu innihaldsefni úr steinefnum. Slíkar vörur eru sérhæfðar vörur sem uppfylla meginreglur hringrásarhagkerfisins og uppfylla nú þegar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB sem voru fastsett fyrir ræktunarefni með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099⁽¹¹⁾. Í þeirri ákvörðun er gerður greinarmunur á milli ólífrænna ræktunarefna og annarra flokka ræktunarefna að því er varðar aðferðir til að ákvarða innihald aðskotaefna, þ.m.t. nikkel. Þess vegna skal ákvarða heildarinnihald aðskotaefnis fyrir öll ræktunarefni að undanskildum ólífrænum ræktunarefnum en fyrir ólífræn ræktunarefni þarf einungis að ákvarða lífaðgengilegt innihald. Þessi greinarmunur er rökstuddur með því að ólífræn ræktunarefni er alla jafna framleidd við hátt hitastig svo til verður sterk efnafræðileg tenging aðskotaefna við uppbyggingu ólífrænu efnisþáttanna sem takmarkar að hvaða marki slíkir aðskotaefni eru lífaðgengileg. Slíkur greinarmunur er þó ekki gerður í reglugerð (ESB) 2019/1009. Á grundvelli upplýsinga sem eru fyrir hendi samræmast ólífræn ræktunarefni, sem eru tiltæk á markaðnum, viðmiðunarmörkunum sem eru fastsett fyrir nikkel í reglugerð (ESB) 2019/1009 ef einungis á að ákvarða lífaðgengilegt innihald aðskotaefnisins en ef ákvarða á heildarinnihaldið, eins og sem stendur er krafist, geta þau ekki samræmst sömu viðmiðunarmörkunum. Því er mikilvægt að tryggja samræmi milli krafanna viðvíkjandi CE-merkingu þessara vara á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 og notkunar umhverfismerkisins til að komast hjá ófyrirséðum aðstæðum þar sem vörur, sem eru öruggar fyrir umhverfið og bera því umhverfismerki, falla utan gildissviðs samræmingarreglnanna. Þess vegna ættu viðmiðunarmörkin fyrir nikkel, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, einungis að gilda um lífaðgengilegt innihald ólífrænna ræktunarefna.
- 10) Sem verndarráðstöfun ætti þessi regla einungis að gilda ef notkun þessara vara er takmörkuð við notkun í garðyrkju í atvinnuskyni, á þökum sem eru þakin gróðri eða veggjum sem eru þaktir gróðri. Þetta mun tryggja betri meðhöndlun og hærra endurheimtarhlutfall notaðs ræktunarefnis með raunverulegum möguleika á endurvinnslu efniviðanna eftir notkun. Að auki ætti framleiðandinn einnig að eiga samstarf við notandann til að tryggja örugga förgun varanna þegar þær eru ekki lengur í notkun. Enn fremur ætti varan ekki að komast í beina snertingu við jarðveginn til að stuðla ekki að uppsöfnun aðskotaefna þar í.
- 11) ESB-áburðarvörur mega einungis innihalda efnisþáttafniviði sem samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um fyrir einn af efnisþáttafniviðaflokkunum í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Áburðarvörur, einkum áburður, innihalda oft tæknileg aukefni, að stofni til úr fjölliðu, sem eru mikilvæg til að tryggja skilvirkni þeirra og örugga notkun. Þessi aukefni falla ekki undir neinn af þeim efnisþáttafniviðaflokkum sem fyrir eru. Áburður sem inniheldur þau fellur þó undir samræmingarreglurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003⁽¹²⁾. Slíkir tæknileg aukefni eru t.d. kekkjavarnarefni sem koma í veg fyrir að kekkir myndist og rykvarnarefni sem koma í veg fyrir ryklosun frá áburðarvöru þegar hún er notuð. Kekkjavarnarefni eru afar mikilvæg fyrir næringarnýtnina því án slíkra efna myndi áburðurinn ekki dreifast jafnt og því myndi endanlegur notandi hans nota meiri áburð til að tryggja að hann nái til allra plantna. Rykvarnarefni eru einnig mjög mikilvæg til að vernda heilbrigði notandans. Fjölliður sem valda ekki áhyggjum af umhverfinu ættu því að vera meðal þeirra efnisþáttafniviða sem eru leyfðir í áburðarvörur samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009. Þetta mun tryggja að mikilvægir flokkar vara með bættu jarðræktarlega skilvirkni og öryggi hafi áfram aðgang að innri markaðnum.

⁽¹⁰⁾ UVCB-efni: Efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni.

⁽¹¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099 frá 18. nóvember 2015 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ræktunarefni, jarðvegsbæta og efni sem eru notuð til að þekja jarðveg (Stjtíð. ESB L 303, 20.11.2015, bls. 75).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

- 12) Til að greina hvaða fjölliður valda ekki áhyggjum af umhverfinu þykir rétt að vísa til vísindalegra álita sem áhættumatsnefndin⁽¹³⁾ og nefnd Efnastofnunar Evrópu um félagslagfræðilega greiningu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006⁽¹⁴⁾, gáfu út um örplastagnir (e. *microplastic particles*) sem bætt er við af ásetningi í alls konar vörur til notkunar fyrir neytendur eða í atvinnuskyni.
- 13) Með því að taka þessa flokka fjölliða með í efnisþáttaefniviðaflokk 1 (efni og blöndur úr nýjum efniviði) og efnisþáttaefniviðaflokk 11 (aukaafurðir í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB⁽¹⁵⁾) er einnig tryggt að þessar fjölliður verði skráðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 með málsskjali sem inniheldur öryggisskýrslu um notkun þeirra sem áburðarvöru. Þetta mun tryggja að framkvæmt verður nákvæmt mat á hvers konar áhættu af notkun þessara aukefna í áburðarvörur og að áburðarvörur, sem hafa fengið aðgang að innri markaðnum samkvæmt þessari breytingu, séu af þeim sökum öruggar fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið.
- 14) Áburður með snefilefnum má innihalda klóbindla eða bindla sem eru efni sem eru ætluð til að auka aðgengileika snefilefna til plantna til langs tíma.
- 15) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 er þess krafist að áburðarvörur sem innihalda klóbindla haldist stöðugar í staðlaðri Hoagland-lausn við pH-gildin 7 og 8 í a.m.k. þrjú daga til að tryggja að snefilefni losni hægt til plantanna. Samsetning nytjajarðvegs og breytileiki sýrustigs getur truflað stöðugleika þessara vara. Nýjar tækni framfarir gera það kleift að meta mögulegar truflanir og að fastsetja sýrustig þar sem vörur eru stöðugar til notkunar í landbúnaði. Á grundvelli framangreinds getur vara verið stöðug við annað sýrustigsbil en við pH-gildið 7 og 8 og samt uppfyllt þann tilgang sinn að tryggja aðgengileika snefilefna til langs tíma. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að heimila að slíkar vörur séu stöðugar á öðru sýrustigsbili. Á þennan hátt munu samræmingarreglurnar gilda um fleiri vörur sem losa snefilefni hægt til plantna og draga þannig úr útskolun næringarefna í jarðveg. Sem viðbótarráðstöfun ætti að tilgreina sýrustigsbilið, þar sem ESB-áburðarvörur eru stöðugar, á merkimiðanum til að tryggja að endanlegi notandinn fái réttar upplýsingar.
- 16) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 er gerð krafa um yfirlýsingu um hundraðshluta hvers snefilefnis sem er klóbundið með hverjum klóbindli og hvers snefilefnis sem er flókabundið með hverjum bindli, eftir því sem við á. Vörur með snefilefnum mega innihalda blöndu af klóbindlum eða bindla eða hvort tveggja. Í slíkum tilvikum er ekki hægt að nota tiltækar greiningaraðferðir til að ákvarða nákvæman hundraðshluta hvers snefilefnis sem er klóbundið eða flókabundið með hverjum bindli fyrir sig. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að gera framleiðandanum kleift að fara að þessum kröfum um merkingar og greiða þannig fyrir aðganginum að innri markaðnum.
- 17) Í sumum áburðarvörum, s.s. ræktunarefnum, er mór notaður sem aðalefnisþáttur. Mikilvægt er að hvetja til notkunar á staðgöngukostum fyrir mó í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, einkum til að koma í veg fyrir kolefnislosun og losun gróðurhúsalofttegunda sem og til að varðveita viðkvæm vistkerfi. Unnt er að skipta mó í ræktunarefni út að hluta til með plöntutrefjum. Til að bæta möguleika ómeðhöndlaðra plöntutrefja þarf þó að umbreyta þeim í trefjar með fingerðari agnir þar eð þetta bætur lífbrjótanleika þeirra, víxlverkun þeirra við næringarefni og vatnsheldni. Fella ætti formeðhöndlun á öðrum plöntutrefjum, með notkun mismunandi eðlisrænna formeðhöndlana til trefjamyndunar (e. *fiberisation*), inn í tæmandi skrá yfir meðhöndlunir í efnisþáttaefniviðaflokki 2 (plöntur, plöntuhlutar eða plöntuútdrættir). Sem verndarráðstöfun ætti að bæta tilteknum takmörkunum við vinnsluáðferðirnar, s.s. hámarkshita og banni við aukefnum að undanskildu vatni.
- 18) Í efnisþáttaefniviðaflokki 3 (molta) og efnisþáttaefniviðaflokki 5 (melta, önnur en melta úr nýjum nytjaplöntum) er mælt fyrir um tæmandi skrá yfir ílagsefniviði sem hægt er að nota. Sú skrá inniheldur afleiddar afurðir, sem um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009⁽¹⁶⁾, og aukaafurðir úr dýrum sem hægt er að líta svo á að séu dauðar lífverur í tilvikum þar sem endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

⁽¹³⁾ Áhættunefnd Efnastofnunar Evrópu (RAC ECHA). 2020. „Opinion on an Annex XV dossier proposing restrictions on intentionally added microplastics“ (álit um málsskjöl skv. XV. viðauka þar sem lagðar eru til takmarkanir varðandi örplastagnir sem bætt er við af ásetningi) (ECHA/RAC/RES-O -0000006790-71-01/F).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

- 19) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 var í fyrsta skipti mælt fyrir um samræmingarreglur fyrir moltu og meltu sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörum. Þessir efniviðir eru samt sem áður fyrir hendi á markaðnum á grundvelli landsbundinna reglna. Sem stendur eru aukaafurðir úr dýrum sem ekki er hægt að lita svo á að séu dauðar lifverur (einkum óunninn húsdýraáburður) oft notaðar sem ilagsefniviðir fyrir moltu og meltu. Á þennan hátt er slíkum efniviðum umbreytt í áburðarvörur með hreinan efnahagslegan og umhverfislegan virðisauka. Notkun á moltuðum dýraskít, þ.m.t. alifuglaáburður og moltaður húsdýraáburður, svo og meltu sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum sem hafa verið brotnar niður með efniviðum úr jurta- og dýraríkinu er tekin með í tæmandi skrá yfir áburð, jarðvegsbættandi efni og næringarefni sem eru leyfð í lifrænum búskap í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008⁽¹⁷⁾. Því er rétt að veita áburðarvörum, sem innihalda moltu eða meltu með slíkum aukaafurðum úr dýrum sem ilagsefnivið, aðgang að innri markaðnum. Þetta mun einnig tryggja samræmi við ilagsefniviði sem eru leyfðir í efnisþáttaefniviðaflokki 12 (útfellt fosfatsölt og afleiður), efnisþáttaefniviðaflokki 13 (efniviðir úr varmaoxun og afleiður) sem og efnisþáttaefniviðaflokki 14 (hitasundrunar- og gösunarefniviðir) sem voru teknir upp nýlega.
- 20) Í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 eru einnig undanskildar sem ilagsefniviður lifandi eða dauðar lifverur úr lifrænum hluta af blönduðu húsasorpi sveitarfélaga. Í efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14 eru aftur á móti undanskildar sem ilagsefniviður lifandi eða dauðar lifverur úr efniviðum úr blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi en ekki einungis úr húsasorpi. Markmiðið með þessum ákvæðum er að hvetja til sérstakrar söfnunar á úrgangi í sveitarfélögum með því að gefa ekki færi á notkun blandaðs úrgangs. Röksemdarfærslan er sú sama hvort sem úrgangurinn myndast á heimilum eða á veitingastöðum eða hjá öðrum rekstraradilum í sveitarfélögum. Það er engin ástæða til að banna notkun á blönduðu húsasorpi einu og sér sem ilagsefniviði í moltu og meltu. Til að tryggja samræmda og stranga nálgun við endurheimt á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi og efla þannig vernd umhverfisins er því nauðsynlegt að aðlaga ákvæðin í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 að þeim sem eru í efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14 sem voru teknir upp nýlega.
- 21) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 ber framleiðandanum skylda til að setja á merkimiðann lista yfir öll innihaldsefni yfir 5% miðað við þyngd vöru. Þó ætti að laga þáttinn sem 5% mörkin gilda um að eðliseiginleikum hlutaðeigandi áburðarvöru og því ætti yfirlýsing um innihaldsefni sem svara til 5% af rúmmálinu að vera leyfð. Ef um er að ræða vörur þar sem magnið er tilgreint miðað við rúmmál er einkum æskilegra að tilgreina þau innihaldsefni sem svara til 5% af rúmmálinu þar eð hlutfallsleg þyngd innihaldsefna miðað við þyngd vöru er ekki alltaf þekkt. Þetta mun auðvelda aðgang slíkra vara að innri markaðnum. Að því er varðar ESB-áburðarvöru í fljótandi formi þykir rétt að tilgreina þau innihaldsefni sem eru yfir 5% miðað við þurrvígt þar eð að öðrum kosti gætu komið upp aðstæður þar sem einungis vatn væri tilgreint sem innihaldsefni. Þetta mun tryggja að vörur hafi einungis aðgang að innri markaðnum á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 ef notendur eru upplýstir á tilhlýðilegan hátt um innihaldsefni þeirra þannig að þeir geti notað vörurnar á öruggan hátt.
- 22) Á merkimiða lífræns jarðefnaáburðar, fasts eða fljótandi ólífræns áburðar með meginæringarefnum og ólífræns snefilefnaáburðar skal tilgreina heiti og efnatákn uppgefna snefilefna og þar á eftir heiti mótjóna þeirra. Í sumum tilvikum getur magn snefilefna sem skylt er að gefa upp verið til staðar frá náttúrunnar hendi í efnisþáttaefniviðum ESB-áburðarvara. Þetta á einkum við um áburð úr efniviðum sem eru unnir með námuvinnslu. Ekki er alltaf unnt, vegna náttúrulegs uppruna þeirra, að ákvarða heiti mótjóna fyrir þessi snefilefni vegna greiningarlegra eða tæknilegra takmarkana. Því ætti yfirlýsing um snefilefni, sem er ekki bætt við ESB-áburðarvöru af ásetningi, að vera leyfð jafnvel þó að ekki sé unnt að ákvarða samsvarandi mótjónir. Annars væri ekki unnt að setja á markað ólífrænan snefilefnaáburð úr efniviðum sem eru unnir með námuvinnslu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 þar eð framleiðandinn gæti ekki uppfyllt þessa kröfu um merkingar. Að auki er það bæði gagnlegt fyrir endanlegan notanda, sem getur aðlagð áburðaráætlun með því að taka einnig tillit til snefilefnainnihaldsins, og fyrir umhverfið að tilgreina snefilefnainnihald í lífrænum jarðefnaáburði og ólífrænum meginæringarefnaáburði án samsvarandi mótjóna þar eð það getur komið í veg fyrir of mikla áburðargjöf. Skilvirkni eða öryggi áburðarins verður ekki fyrir áhrifum af því þó að mótjónir séu ekki gefnar upp á merkimiðanum.
- 23) Framleiðanda fasts ólífræns áburðar með meginæringarefnum ber skylda til að geta um form efnislegrar einingar á merkimiðanum með tilvísun í eitt af fjórum mismunandi formum sem eru tilgreind í reglugerðinni, þ.e. duft, korn, perlu og kögglar. Í sumum tilvikum er þó ekki mögulegt, eð eðlisástand vörunnar er sambland af tveimur af fjórum formum, að nota einungis eitt af framangreindum tilteknum formum. Til að gera framleiðandanum kleift að fara að þessari kröfu um merkingar ætti lýsing á efnislegri einingu því ekki að takmarkast við einungis eitt mögulegt form heldur ætti einnig að leyfa notkun á samsetningu af formum. Skilgreiningar á efnislegum einingum ættu að ná yfir allar tegundir áburðar og ættu ekki að takmarka setningu vara á markað sem uppfylla að öðru leyti kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/1009.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

- 24) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru fastsettar reglur um vikmörk fyrir hvern vöruvirkniflokk fyrir mismunandi gildi sem eru uppgæfin á merkimiðanum. Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru fastsett bæði neikvæð vikmörk (raungildið ætti ekki að fara undir uppgæfið gildi að frádregnum neikvæðum vikmörkum) og jákvæð vikmörk (sem merkir að raungildið getur ekki verið hærra en uppgæfna gildið að viðbættum viðeigandi vikmörkum). Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir yfirlýsinguna um næringarefnið þar sem framleiðandinn, til að komast hjá of mikilli eða of lítilli áburðargjöf, verður að tryggja að uppgæfið næringarefnainnihald sé hvorki undir né yfir uppgæfna gildi að viðbættum vikmörkum.
- 25) Nokkur af þeim vikmörkum sem eru fastsett fyrir ólífrænan áburð eru mjög þröng miðað við núverandi tæknigetu. Þetta á sérstaklega við um uppgæfin næringarefni ef innihald næringarefnisins er e.t.v. hlutfallslega lítið þegar það er borið saman við alla vöruna. Lítið næringarefnainnihald merkir að frávik frá uppgæfna gildi er einnig lítið þar eð það er uppgæfið sem hundradshluti af næringarefnainnihaldi. Þess vegna ætti að útvíkka vikmörkin fyrir tiltekna kröfur viðvíkjandi ólífrænum áburði til að tryggja sanngjarnt jafnvægi milli tæknigetu framleiðandans og þarfárinna til að veita endanlegum notanda réttar upplýsingar.
- 26) Enn fremur ætti að útvíkka vikmörkin að raungildi fyrir innihald lífræns kolefnis í jarðvegsbæti. Jarðvegsbætar geta innihaldið umtalsvert magn af lífrænu kolefni sem er í sjálfu sér ekki vandamál þar eð lífrænt kolefni bætir í raun gæði jarðvegs með því að auðga innihald lífræns efnis í honum. Í slíkum tilvikum er mjög takmarkandi að leyfa frávik sem er einungis eitt prósentustig að raungildi. Því er viðeigandi að leyfa meira frávik að raungildi en viðhalda um leið núverandi hlutfallslegu frávik.
- 27) Bæta ætti við vikmörkum fyrir magn plöntulíförva og áburðarvöruþöndu þar eð gerð er krafa um að þessar upplýsingar séu gefnar á merkimiðanum. Að því er varðar áburðarvöruþöndu ætti að gera greinarmun á þöndu af tveimur ESB-áburðarvörum þar sem unnt er að ákvarða hlutfall hvorra fyrir sig í þöndunni og þess vegna er hægt að reikna út meðaltal þegar fastsettra vikmarka fyrir hvora um sig, með hliðsjón af hlutfalli þeirra í þöndunni, og nota á alla þönduna og virkri þöndu þar sem einn og sami efniviðurinn stenst samræmismat fyrir tvær ESB-áburðarvörur sem tilheyra tveimur mismunandi vöruvirkniflokkum og ekki er hægt að ákvarða á hlutlægan hátt hlutfall hvorra fyrir sig í þöndunni. Í síðara tilvikinu ættu strangari magnvikmörkin fyrir þá vöruvirkniflokka sem eru í þöndunni að gilda um alla þönduna. Framleiðandinn þarf í raun að sanna að kröfurnar fyrir hvern vöruvirkniflokk séu uppfylltar og það felur í sér að tilgreina magn hvers vöruvirkniflokks í samræmi við samsvarandi vikmörk. Þar eð hver vöruvirkniflokkur nemur 100% af þöndunni í þessu tiltekna tilviki verður blandan í heild sinni að fylgja strangari vikmörkunum.
- 28) Á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 gilda fjórar samræmismatsaðferðir um ESB-áburðarvörur þar sem flækjustigin eru mismunandi með hliðsjón af efnispáttæfniviðaflokki eða -flokkum þeirra og vöruvirkniflokki: Aðferðareiningar A, A1, B+C og D1.
- 29) Aðferðareining D1 hefur verið aðlöguð til að endurspeglar tiltekna þætti ESB-áburðarvara úr úrgangi. Framleiðandi getur beitt aðferðareiningum B+C við mat á samræmi lata (vöruvirkniflokkur 5) eða plöntulíförva (vöruvirkniflokkur 6) án tillits til efnispáttæfniviðanna. Við samningu IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 urðu áhrifin því í ógáti þannig að ekkert getur komið í veg fyrir beitingu aðferðareininga B+C, jafnvel þegar um er að ræða mat á lata eða plöntulíförva sem inniheldur efnispáttæfniviði sem strangari aðferðareiningin D1 er skyldubundin fyrir. Því þykir rétt að beita strangri samræmismatsaðferð þegar ESB-áburðarvara inniheldur efnispáttæfniviði úr úrgangi, án tillits til vöruvirkniflokks hennar. Til að tryggja öfluga og samræmda vernd ætti því einungis að leyfa aðferðareiningar B+C fyrir lata og plöntulíförva þegar þeir innihalda ekki slíka efnispáttæfniviði.
- 30) Þegar framleiðandinn fylgir samræmismatsaðferðunum skal hann veita upplýsingar í tæknigögnum sem varða m.a. heildarmagn króms þegar það er yfir 200 mg/kg. Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er ekki tilgreint hvort nota á þessi mörk um þurrefni eða ferskt efni. Þessa skyldu er ekki hægt að uppfylla á samræmdan hátt í Sambandinu ef ekki er ljóst hvernig á að reikna þessi 200 mg/kg út. Þegar viðmiðunarmörk eru fastsett fyrir aðskotaefni, þ.m.t. sexgilt króm (Cr VI), er það þurrefnið sem tekið er tillit til í reglugerð 2019/1009. Af ástæðum sem varða samræmingu ætti því að reikna út innihald heildarmagns króms með tilvísun í þurrefnið.
- 31) Samráð um breytingar á reglugerð (ESB) 2019/1009 fóru fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽¹⁸⁾. Haft var samráð við sérfræðingahóp framkvæmdastjórnarinnar um áburðarvörur.

⁽¹⁸⁾ Samstarfssamningur milli stofnana Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnarinnar um betri lagasetningu (Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1).

- 32) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 eiga að koma til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 23. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Leifar lyfjafræðilega virks efnis, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (*), mega einungis vera fyrir hendi í ESB-áburðarvöru ef þetta efni er annaðhvort:

- tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 (**), eða
- með viðmiðunarpunkt fyrir aðgerð sem var fastsettur í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 (***) og efnið eða leifar þess eru fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í styrk sem er undir þessum viðmiðunarpunkti.

- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).
- (**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).
- (***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41).“

2) Eftirfarandi lið 5a er bætt við:

„5a. ESB-áburðarvara má einungis innihalda virkt efni í skilningi 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ef þessi ESB-áburðarvara er ekki með plöntuverndarvirkni í skilningi 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.“

3) Í 2. lið í töflunni í vöruvirkniflokki 1.C.II.a:

a) Í stað línunnar sem varðar formgerðarflokkunina „Áburður með snefilefnasöltum“ kemur eftirfarandi:

„Áburður með snefilefnasöltum	Eingildur, fastur, ólífrænn snefilefnaáburður, framleiddur á efnafræðilegan hátt, sem inniheldur ólífrænt jónasalt (e. <i>ion salt</i>) sem undirstöðuefni.	10%, miðað við massa, af áburði með snefilefnasöltum, skulu samanstanda af snefilefnum“
-------------------------------	--	---

b) Í stað línunnar sem varðar formgerðarflokkunina „UVCB-járnklósambönd“ kemur eftirfarandi:

„UVCB ⁽⁵⁾ -snefilefnaklósambönd	Vatnsleysanlegur eingildur ólífrænn snefilefnaáburður þar sem snefilefnið, sem gefið er upp, er efnafræðilega tengt klóbindli eða -bindlum sem uppfylla kröfurnar í efnisþáttaefnivíðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka	— 5% miðað við massa af UVCB-snefilefnaklósamböndum skulu samanstanda af vatnsleysanlegu snefilefni og a.m.k. 80% af vatnsleysanlegu snefilefni skal klóbundið (klóbundinn hluti) og a.m.k. 50% af vatnsleysanlegu snefilefni skal klóbundið með klóbindli sem uppfyllir kröfurnar í efnisþáttaefnivíðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka
--	--	---

(5) UVCB-efni: Efni af óþekkttri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni.“

4) Í vöruvirkniflokki 3.B er eftirfarandi 4. lið bætt við:

„4. Sjúkdómsvaldar í ólífrenum jarðvegsbæti, sem inniheldur meira en 1% miðað við massa af lífrænu kolefni (C_{org}), mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
<i>Salmonella</i> spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
<i>Escherichia coli</i> eða <i>Enterococcaceae</i>	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).“

5) Í vöruvirkniflokki 4 er eftirfarandi lið 2a bætt við:

„2a. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 2. liðar skulu viðmiðunarmörkin fyrir nikkell (Ni) í ræktunarefnum, sem eru eingöngu samsett úr ólífrenum efnisþáttum og boðin fram til nota í atvinnuskyni í garðyrkju, á þökum sem eru þakin gróðri eða veggjum sem eru þaktir gróðri, gilda um lífaðgengilegt innihald aðskotaefnisins.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Efnisþáttaefniviðaflokkur 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„f) fjölliður, aðrar en:

- fjölliður sem eru afleiðing fjölliðunarferlis sem fór fram í náttúrunni, óháð útdráttaraðferðinni sem þær voru útdregnar með, og sem var ekki efnafræðilega umbreytt í skilningi 40. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,
- lífbrjótanlegar fjölliður eða
- fjölliður með vatnsleysni sem er meiri en 2 g/L við eftirfarandi skilyrði:
 - hitastig 20 °C
 - pH-gildi 7
 - hleðsla: 10 g/1 000 mL
 - prófunartími: 24 klst.“

b) Í stað síðasta málsliðar í a-lið 3. liðar kemur eftirfarandi:

„ESB-áburðarvaran skal haldast stöðug í a.m.k. 3 daga í lausn með sýrustig innan þess bils sem uppgæfið er að tryggja ásættanlegan stöðugleika.“

2) Í stað fyrstu málsgreinar í efnisþáttaefniviðaflokkur 2 kemur eftirfarandi:

„ESB-áburðarvara má innihalda plöntur, plöntuhluta eða plöntuútdrætti sem hafa ekki farið í gegnum aðra vinnslu en skurð, mulning, mölun, sigtun, skiljun, pressun, þurrkun, frystimeðhöndlun, frostþurrkun eða útdrátt með vatni eða útdrátt með koltvísýringi (CO₂) í yfirmarksástandi eða trefjamyndun við hitastig sem er ekki hærra en 100 °C og án allra íblöndunarefna að undanskildu vatni.“

3) Efnisþáttaefniviðaflokkur 3 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði b-liðar 1. liðar falla brott.

b) Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

- „c) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:
- i. efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,
 - ii. skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni og
 - iii. aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

c) Í stað inngangsorðanna í e-lið 1. liðar kemur eftirfarandi:

„e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a- eða c-lið eða í lið 1a sem:“

d) Eftirfarandi lið 1a er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda moltu sem fæst með loftháðri myltingu á efnunum í 2 eða 3 flokki eða afleiddum afurðum úr þeim, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eina og sér eða blandaða með ilagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að:

- a) endapunktur í framleiðsluferlinu hafi verið ákvarðaður í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og
- b) skilyrðin í 2. og 3. lið séu uppfyllt.“

- e) Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:
- „a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið og lið 1a, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og lið 1a og“,
- 4) Efnisþáttaefniviðaflokki 5 er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði b-liðar 1. liðar falla brott.
- b) Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:
- „c) lífandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:
- i. efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,
 - ii. skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni,
 - iii. aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“
- c) Í stað inngangsorðanna í e-lið 1. liðar kemur eftirfarandi:
- „e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a- eða c-lið eða í lið 1a sem:“
- d) Eftirfarandi lið 1a er bætt við:
- „1a. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda meltu sem fæst með loftfírröri meltun á efnunum í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og 2. mgr. 32. gr. og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eina og sér eða blandaða með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að:
- a) endapunktur í framleiðsluferlinu hafi verið ákvarðaður í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og
 - b) skilyrðin í 2. og 3. lið séu uppfyllt.“
- e) Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:
- „a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið og lið 1a, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og lið 1a og“,
- 5) Í stað b-liðar 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 11 kemur eftirfarandi:
- „b) fjölliður, aðrar en:
- fjölliður sem eru afleiðing fjölliðunarferlis sem fór fram í náttúrunni, óháð útdráttaaðferðinni sem þær voru útdregnar með, og sem var ekki efnafræðilega umbreytt í skilningi 40. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,
 - lífbrjótanlegar fjölliður eða
 - fjölliður með vatnsleysni sem er meiri en 2 g/L við eftirfarandi skilyrði:
 - hitastig 20 °C
 - pH-gildi 7
 - hleðsla: 10 g/1 000 mL
 - prófunartími: 24 klst.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað h-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„h) listi yfir öll innihaldsefni yfir 5% miðað við þyngd eða magn vöru eða, ef um að ræða vörur í fljótandi formi, miðað við þurrvig, í lækandi röð eftir magni þ.m.t. heiti viðkomandi efnisþáttaefnivíðaflokka eins og um getur í I. hluta II. viðauka við þessa reglugerð. Ef innihaldsefnið er efni eða blanda skal hún auðkennd í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Efni sem koma fyrir frá náttúrunnar hendi má auðkenna með steinefnaheitum þeirra.“

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Ef ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttaefni við sem, ef hann væri settur á markað sem matvæli eða fóður, hefði fallið undir hámarksgildi leifa sem voru fastsett samkvæmt reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1831/2003 (*), hámarksgildi leifa sem eru fastsett í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (**) eða hámarksgildi sem voru fastsett samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 (***) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (****) og sá efnisþáttaefnið inniheldur efni sem er yfir (einum af) samsvarandi viðmiðunarmörkum skal tilgreina hámarksstyrk þessa efnis í ESB-áburðarvörunni ásamt viðvörðun um að ekki skuli nota ESB-áburðarvöruna á þann hátt að hætta verði á að farið verði yfir þessi mörk í matvælum eða föðri.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(***) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í föðri (Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).“

c) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Ef ESB-áburðarvara er ræktunarefni, eins og um getur í lið 2a í vöruvirkniflokki 4 í II. hluta I. viðauka, eða inniheldur fjölliðu í þeim tilgangi að binda efni við í vörunni, eins og um getur í c-lið 1. liðar í efnisþáttaefnivíðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka, skal notandinn fá fyrirmæli um að nota ekki vöruna í snertingu við jarðveg og, í samstarfi við framleiðandann, sjá til þess að vörunni sé fargað á öruggan hátt eftir að notkun lýkur.“

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í 5. lið vöruvirkniflokks 1B:

i. Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða -bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“;

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgæfin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

iv. Ákvæði d-undirliðar falla brott.

b) Í vöruvirkniflokki 1.C.I.a:

i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Form efnislegrar einingar í vörunni skal tilgreint með einum, eða samsetningu tveggja eða fleiri, af eftirfarandi hætti:

a) korn,

b) kögglar,

c) duft ef a.m.k. 90% af vörunni, miðað við massa, getur farið í gegnum sigti með 1 mm möskvum eða

d) perlur,“.

ii. Í 8. lið:

— Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgæfna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgæfnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

— Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgæfin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“,

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

— Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgæfin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

— Ákvæði d-undirliðar falla brott.

c) Í 6. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.b:

i. Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgæfna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgæfnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgæfin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“;

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

iv. Ákvæði d-undirliðar falla brott.

d) Í vöruvirkniflokki 1.C.II:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Uppgefin snefilefni í ólífrænum snefilefnaáburði skulu gefin upp eftir heiti og efnatákni uppgefinna snefilefna í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti móttjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum og hægt er að sanngreina og magngreina hvern klóbindil og hann klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu snefilefni, eða uppgefin snefilefni eru flókabundin með bindli eða -bindlum, skal bæta við eftirfarandi skýringu, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“;

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi lið 2a er bætt við:

„2a. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal tilgreina sýrustigsbil sem tryggir ásættanlegan stöðugleika.“

iv. Ákvæði 3. liðar falla brott.

3) Ákvæðum III. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í vöruvirkniflokki 1.C:

i. Í stað fyrstu töflunnar kemur eftirfarandi:

„Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgæfið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Uppgefin form köfnunarefnis (N)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form fosfórpentoxíðs (P ₂ O ₅)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form kalíumoxíðs (K ₂ O)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P ₂ O ₅) eða kalíumoxíðs (K ₂ O) í tvígildum áburði	± 1,5 prósentustig að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P ₂ O ₅) eða kalíumoxíðs (K ₂ O) í þrígildum áburði	± 1,9 prósentustig að raungildi

Heildarmagn og vatnsleysanlegt magnesíumoxíð (MgO), kalsíumoxíð (CaO), brennisteinstríoxíð (SO ₃)	-50 og +100% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu innihaldi þessara næringarefna að hámarki upp að -2 og +4 prósentustigum að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt natríumoxíð (Na ₂ O)	-25% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 0,9 prósentustigum að raungildi + 50% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 1,8 prósentustigum að raungildi
Kornastærðarmælingar	± 20% hlutfallslegt frávik uppgefins hundraðshluta efnis sem fer í gegnum tiltekið sigti
Magn	± 1% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi“

ii. Í stað annarrar töflu kemur eftirfarandi:

„Snefilefni	Leyfileg vikmörk fyrir uppgafið innihald snefilefnaforma
Styrkur sem er 2% eða minni	± 50% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2% og 10% eða minni	± 50% af uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Styrkur sem er meiri en 10%	± 1,0 prósentustig að raungildi“

b) Í stað annarrar línu í vöruvirkniflokki 3, þar sem vikmörkin fyrir lífrænt kolefni eru sett fram, kemur eftirfarandi:

„Lífrænt kolefni (C _{org})	± 10% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 3,0 prósentustigum að raungildi“
--------------------------------------	--

c) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir „VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI“:

„VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6: PLÖNTULÍFÖRVI

Magn plöntulíförva má víkja sem nemur ± 5% frá uppgefnu gildi.“

d) Eftirfarandi töflu er bætt við í byrjun vöruvirkniflokks 7:

„Uppgefin breyta	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytnu
Magn	Vikmörkin eru summan af innbyrðis hlutfalli hvers efnisþáttar ESB-áburðarvöru margfölduð með vikmörkunum fyrir vöruvirkniflokkinn fyrir þá áburðarvöru. Ef ekki er unnt að ákvarða hlutfall hverrar ESB-áburðarvöru í áburðarvöruþróuninni eru vikmörkin þau sem gilda um þann vöruvirkniflokk sem er með strangasta vikmarkamagngildið.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað liðar 3.2 í I. hluta kemur eftirfarandi:

„3.2 Einnig má nota aðferðareiningu B og þar á eftir aðferðareiningu C fyrir áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7.“
- 2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:
 - a) Í lið 2.2 í aðferðareiningu A:
 - i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.“
 - ii. Í stað j-undirliðar kemur eftirfarandi:

„j) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarks magn og nákvæman uppruna heildarkrómmsins (Cr).“
 - b) Í stað h-liðar í undirlið 2.2 í aðferðareiningu A1 kemur eftirfarandi:

„h) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.“
 - c) Í lið 2.2 í aðferðareiningu B:
 - i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.“
 - ii. Í stað k-undirliðar kemur eftirfarandi:

„k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarks magn og nákvæman uppruna heildarkrómmsins (Cr).“
 - d) Í lið 2.2 í aðferðareiningu D1:
 - i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.“
 - ii. Í stað k-undirliðar kemur eftirfarandi:

„k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarks magn og nákvæman uppruna heildarkrómmsins (Cr).“